

PebblePad

Forritið PebblePad er hannað með það að markmiði að halda utan um persónuleg gögn einstaklinga bæði í námi og vinnu á rafrænu formi. Hönnuðir leggja sérstaka áherslu á að forritið sé notendavænt, sjónrænt og að auðvelt sé fyrir hvern notendahóp að aðlaga að sínum þörfum (<https://www.pebblepad.co.uk>). Sérstaklega hefur verið unnið með útfærslu á klíniskunámi innan heilbrigðisgeirans. Umsjónarmenn verknáms geta sett inn allt sem tengist mati nemenda og þeir aðilar sem eru úti á vettvangi nýtt sér rafræna möguleika forritsins til að meta hvern þátt hjá hverjum og einum nemenda. Forritið er nemendamiðað og gerir ráð fyrir að nemendur beri ábyrgð á þessum hluta í sínum námsterli.



PebblePad